



**HAFNARFJÖRÐUR**

Hafnarfjörður 4. desember 2013

Málsnúmer: 1311320 GÁG

**Svar við eftirfarandi fyrirspurn bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins til bæjarstjóra í bæjarráði 21. nóvember 2013:**

*„Bæjarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins óska eftir upplýsingum um eftirfarandi vegna ummæla bæjarstjóra í Morgunblaðinu 12. nóvember sl. í kjölfar umræðu um viðskipti á eignarhlut Reykjanesbæjar í HS-veitum:*

*1. Hvað felst í þeirri fullyrðingu að: "Þetta sé samfélagslega mikilvæg eign"?"*

Rekstur dreifkerfis raforku er svokölluð náttúruleg einokunarstarfsemi og áskilið er í lögum að slík starfsemi skuli vera að meirihluta í eigu opinberra aðila. Öll veitufyrirtæki sem starfrækt eru á Íslandi og sinna því hlutverki að tryggja örugga og hagkvæma dreifingu raforku til heimila og fyrirtækja eru í meirihlutaeigu eigu sveitarfélaganna í landinu.

Óhætt er að fullyrða að um það sjónarmið að dreifikerfi raforku teljist til einna mikilvægustu innviða hvers nútímasamfélags hafi ríkt almenn sátt í íslensku samfélagi, a.m.k. upp frá þeim tíma er gerðar voru þær breytingar á skipulagi raforkumála hér á landi árið 2003 sem fólst að megininntaki í því að skilja í sundur með lögum sérleyfishluta raforkukerfisins og þá starfsemi sem samkeppni verður komið við í. Byggðu þær breytingar á þeim viðhorfum sem þá höfðu rutt sér til rúms víða um heim og birtust m.a. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/92/EB frá 19. desember 1996, sem íslensk lög þessa efnis eru grundvölluð á.

Um eignarhlut Hafnarfjarðarbæjar í veitufyrirtækinu HS veitum hefur hingað til ekki ríkt ágreiningur. Þvert á móti hefur verið samstaða um það sjónarmið að ef sveitarfélagið ætli að eiga í samstarfi við önnur sveitarfélög um rekstur dreifkerfis raforku til heimila og fyrirtækja í Hafnarfirði þá sé það grundvallaratriði að bærinn eigi að því samstarfi eðlilega aðkomu. Í hlutafélagi verður það varla gert án beinnar eignaraðildar.

Á þessum grunni byggir bæjarstjóri orð sín að eignarhlutur Hafnarfjarðar í HS veitum sé samfélagslega mikilvæg eign.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir,  
bæjarstjóri